

**Ed.**

**30. Frumvarp til laga**

**[30. mál]**

um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

**1. gr.**

Ríkið skal eiga og reka þessi fangelsi:

1. Ríkisfangelsi í Reykjavík eða nágrenni hennar.
2. Vinnuhæli.
3. Unglingafangelsi.

**2. gr.**

Stofna skal í Reykjavík eða nágrenni hennar ríkisfangelsi, sem rúmi 100 fanga. Skal því skipt í þessar deildir: Einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilla-deild, kvennafangelsi og gæzluvarðhald. Dómsmálaráðherra kveður nánar á um skiptinguna.

Í einangrunarfangelsið skal setja þá refsifanga, sem sekir gerast um stórfelld eða ítrekuð brot gegn reglum annarra fangelsa eða fangelsisdeilda.

3. gr.

Í vinnuhæli ríkisins að Litla-Hrauni í Árnessýslu skal vera rúm fyrir 60 fanga, og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum öðrum en þeim, sem 4. gr. tekur til.

4. gr.

Stofna skal í sveit unglíngafangelsi fyrir 25 fanga, og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum þeirra, sem við dómsuppsögn hafa eigi náð 22 ára aldri. Skal um fangelsi þetta fara svo sem ákveðið er í 4. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

5. gr.

Afplánun meðlaga eða barnalífeyris samkvæmt framfærslulögum fer fram í vinnuhæli eða unglíngafangelsi eftir aldri barnsfeðra.

6. gr.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsamála, ákveður nánar staðsetningu og gerð fangelsa, setur reglugerð um rekstur þeirra og skipar forstjóra þeirra.

7. gr.

Veita skal úr ríkissjóði 1 milljón króna á ári hverju hið minnsta til fangelsabygginga, unz komið hefur verið upp fangelsum þeim, sem lög þessi mæla fyrir um.

8. gr.

Þegar hið nýja ríkisfangelsi samkvæmt 1. gr. 1. tölulið tekur til starfa, skal hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík lagt niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 26 7. marz 1928, um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og vinnuhæli. Þegar hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík verður lagt niður samkvæmt 8. gr., fellur úr gildi tilskipun frá 4. marz 1871, um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 19. apríl 1960 var Valdimari Stefánssyni, sakadómara, falið að undirbúa tillögur um og gera áætlun um að koma fangelsismálum landsins í nútímahorf eftir því sem fært þykir, miðað við allar aðstæður hér á landi. Var honum í því sambandi falið að kynna sér ástand fangelsa landsins og heimilað að kynna sér fangelsismál á Norðurlöndum, til að leita fyrirmynda að umbótum í þessum málum hér á landi.

Hinn 25. ágúst s. l. lét sakadómari ráðuneytinu í té skýrslu um athuganir sínar og gerir þar tillögur um aðgerðir til úrbóta. Á grundvelli þeirra tillagna hafa síðan verið samín tvö lagafrumvörp, er fjalla um hina tvo höfuðþætti tillagnanna, frumvarp þetta til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli og frumvarp til laga um héraðsfangelsi.

Í lok skýrslu sakadómara rekur hann í stuttu máli höfuðatriði greinargerðar sínar. Þar segir:

„Til glöggvunar skal hér tekið saman í stuttu máli það, sem að framan segir um fangelsaþörf landsins og nauðsynlegar framkvæmdir í fangelsabyggingum, svo telja meg, að fangelsimálum landsins sé að húsakosti til komið í nútímahorf.

### I. Aðalfangelsi landsins.

1. Unglingafangelsi fyrir 25 fanga verði byggt í sveit, en í grennd við kaupstað eða kaupsþún.
2. Vinnuhæli ríkisins, sem nú rúmar 29 fanga, verði áfram á Litla-Hrauni, en bætt verði við það 31 klefa, svo það rúmi alls 60 fanga.
3. Ríkisfangelsi verði byggt í útjaðri Reykjavíkur eða næsta nágrenni. Þar verði:

Gæzluvarðhald .....	25	klefar
Varðhald .....	30	—
Einangrunarfangelsi .....	20	—
Kvennafangelsi .....	10	—
Öryggisgæzla .....	5	—
Geðveilladeild .....	10	—

Alls 100 klefar

Um leið og ríkisfangelsið tekur til starfa, verði hegningarhúsið við Skólavörðustíg lagt niður.

### II. Héraðsfangelsi.

1. Byggð verði allt að 60 klefa fangageymsla í Reykjavík í stað núverandi lögreglustöðvarkjallara. Leysist við byggingu nýrrar lögreglustöðvar.
2. Fangelsi eru á þessum stöðum:

Hafnarfirði,  
Keflavík,  
Keflavíkurflugvelli,  
Borgarnesi,  
Stykkishólmi,  
Ísafirði,  
Siglufirði,  
Þórshöfn og  
Egilsstöðum.

Sum þessara fangelsa eru ekki fullgerð. Úr því þarf að bæta. Að því loknu teljast þau fullnægjandi.

3. Fangelsi eru ennfremur á  
Akranesi,  
Sauðárkróki,  
Akureyri og í  
Vestmannaeyjum,

en ófullnægjandi. Einkum eru fangelsin á Akureyri og Vestmannaeyjum gersamlega óviðunandi. Í Vestmannaeyjum þarf að bæta við fangelsið svo það taki 12—15 fanga og mun það væntanlega heppilegast með því að byggja hæð ofan á núverandi fangelsi.

Á hinum stöðunum þarf að byggja ný fangelsi í stað þeirra, sem fyrir eru: Á Akureyri 12—15 klefa og á Akranesi og Sauðárkróki 6—8 klefa.

4. Í undirbúningi er viðunandi lausn fangelsamála á þessum stöðum:

Húsavík og  
Neskaupstað.

5. Byggja þarf ný fangelsi á þessum stöðum:

Raufarhöfn og  
Seyðisfirði

10—12 klefa á hvorum stað,

Selfossi

um 8 klefa.

Minni fangelsi, 4 klefa, á þessum stöðum:

Grindavík,  
Sandgerði  
Hellissandi,  
Ólafsvík,  
Grafarnesi,  
Patreksfirði,  
Bolungavík,  
Blönduósi,  
Ólafsfirði,  
Eskifirði,  
Höfn í Hornafirði,  
Þingvöllum.

Álitamál er hvar brýnust sé þörfin til úrbóta í héraðsfangelsamálunum utan Reykjavíkur. Hygg ég að á þessum stöðum sé skjótastra aðgerða þörf:

Vestmannaeyjum,  
Ólafsvík,  
Akureyri,  
Raufarhöfn,  
Seyðisfirði.

Ríkissjóður mun væntanlega bera allan kostnað af aðalfangelsum landsins, unglíngafangelsi, vinnuhæli og ríkisfangelsi. Bæjarsjóður Reykjavíkur hefur frá gildistöku laga nr. 29, 1936, greitt að hálfu reksturskostnað hegningarhússins í Reykjavík. Ríkisfangelsi það, sem lagt er til að byggt verði og taki við af hegningarhúsinu, verður að mestu refsivistarstofnun fyrir landið allt og virðist eigi sanngjarnt, að bæjarsjóður taki þátt í kostnaði við það. Hins vegar ber bæjarsjóði, að óbreyttri löggjöf, eftir sem áður að taka þátt í kostnaði af fangageymslunni í lög-reglustöðinni og í hinni væntanlegu lögglustöð þegar til kemur.

Um héraðsfangelsin gegnir öðru máli en um ríkisfangelsin. Samkvæmt 2. og 8. gr. laga nr. 29, 1936, greiðist stofnkostnaður og rekstrarkostnaður þeirra að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði. Í Danmörk, Noregi og Svíþjóð var þetta fyrirkomulag áður, þ. e. a. s. þátttaka sveitarsjóðanna í fangelsakostnaðinum, en er nú úr lögum numið þar fyrir löngu: Í Danmörk 1938, í Noregi 1904 og í Svíþjóð 1921. Frá þessum tímum ber ríkissjóður í þessum löndum einn allan kostnað af fangelsunum, bæði ríkis- og héraðsfangelsum. Skilst mér einhugur ríkja um, að þetta sé eðlilegt og heppilegt fyrirkomulag og til stórbóta frá því, sem áður var. Ríkið hefur lög- og dómgæzluna með höndum og verður að sjá um, að hún fari sómasamlega úr hendi, þ. á m. að nægileg fangelsi séu til. Þarf það ekki eftir breytinguna að eiga undir misjafnlega áhugasömum sveitarstjórnnum eða misjafnlega getumiklum sveitarsjóðum, hvernig fangelsismálum er fyrir komið í hlutaðeigandi sveitarfélögum.

En hér vikur þessu öðruvísi við eins og áður segir. Samkvæmt 3. og 6. gr. laga nr. 29, 1936, eru það bæjar- og sveitarstjórnir, sem frumkvæði hafa að byggingu fangelsa og breytingum á þeim. Gera má að visu ráð fyrir, að flestar bæjar- og sveitarstjórnir hafi skilning á þörfum sveitarfélags síns í fangelsamálum og fari að ráðum hlutaðeigandi yfirvalds í þeim efnum. Fari þær fram á framkvæmdir í þessum málum er það ríkisins, með ihlutun dómsmálaráðherra samkvæmt 5. gr. laganna, að leggja fram fé til móts við sveitarsjóðina eftir því, sem veitt er til þess á fjárlögum. Málið vandast, ef bæjar- eða sveitarstjórn hefur ekki skilning á fangelsaþörf héraðsins eða bæjar- eða sveitarsjóður er þess vanmegnugur að leggja fram fé til nauðsynlegra framkvæmda til móts við ríkissjóð. Gæti slíkt leitt til ófarnaðar, sem að óbreyttri löggjöf yrði vandleystur.

Varðandi 700-ibúa takmarkið í 1. gr. laga nr. 29, 1936, skal þess getið, að fáeinir þeir staðir, sem áður er rakið að þörf sé fangahúsa á, að hafa eigi þann íbúafjölda.

Hins vegar eru það verstöðvar með fjölda aðkomufólks um vertíð (Hellissandur, Grafarnes, Raufarhöfn og Höfn í Hornafirði) eða þá samgöngumiðstöð heils héraðs og aðsetursstaður yfirvalds (Blönduós). Eru og fordæmi að fangelsisbyggingum í kaupúnum, sem ekki ná 700-ibúa markinu, svo sem í Egilsstaðakaupúni og á Þórshöfn á Langanesi. Tala fastra íbúa er ekki einhlít um fangelsisþörfina. Þar kemur ýmislegt fleira til.

Öllum má ljóst vera, að þær umbætur í fangelsismálunum, sem um ræðir hér að framan, kosta mikið fé, en á þessu stigi er eigi unnt að áætla byggingarkostnað og annan stofnkostnað. Er það eigi unnt fyrr en teikningar hafa verið gerðar. Rekstrarkostnaður aðalfangelsanna hlýtur að verða mun meiri en nú er í vinnuhælinu og hegningarhúsinu í Reykjavík og er hætt við, að seld framleiðsla fangelsanna hrökkvi skammt til að jafna þann mun, enda þótt talsvert lið geti að henni orðið.

Þetta verður að horfast í augu við, og þar sem fram að þessu hefur mikið á það skort, að refsiframkvæmdin væri í samræmi við það, sem til er ætlazt í hegningarlögnum, má ekki miða við venjulegan rekstrarkostnað síðustu ára sem hinn eðlilega rekstrarkostnað fangelsanna.

Ríkið hefur þurft mörgum framkvæmdum að sinna og ekki er unnt að gera allt í einu. Eitthvað verður að sitja á hakanum í bili og bíða síns tíma. Þannig hefur farið um fangelsamálin, en ekki mega þau gjalda þess á komandi tímum, að þau hafa fram að þessu orðið útundan.

Meðferð fanga er þjóðfélaginu mikill ábyrgðarhluti og eigi ómerkur mælikvarði á menningarástand þess. Er þess að vænta, að ráðamenn þjóðfélagsins geti orðið sammála um, að gagngerðar umbætur í þessum málum þoli ekki lengur bið.“

Í þessu frumvarpi eru talin þau fangelsi, sem ríkisvaldið verður að annast um að rekin séu svo að telja megi að viðunandi lausn sé fengin að því er varðar þörf á almennum fangelsum. Er þá gert ráð fyrir að brýnust sé þörf á því að byggt verði ríkisfangelsi, sem greint er frá í 2. gr. frumvarpsins. Er þá jafnframt gert ráð fyrir að bráðabirgðalausn, sem viðunandi sé um eitthvert árábil, fáist að því er varðar unglingsfangelsi samkvæmt 4. gr. — Til áherzlu um áframhald á framkvæmdum er í 7. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir lágmarksframlagi til fangelsabygginga á hverju ári. Ljóst er að mun meira fé þarf til einstakra áfanga, ef ekki á að miða hæggar um framkvæmd laganna en viðunandi er. Ekki þykir nauðsyn á að skýra einstakar greinar frumvarpsins.